

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

1. *Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi, vegna Vesturgötu 48 og Kirkjubrautar 25.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 8. janúar 2002, var m.a. samþykkt breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits á Akranesi.

Tillagan nær til deiliskipulags Akratorgsreits og tekur til eftirtalinna lóða: Vesturgötu 48 þar sem landnotkun er breytt úr lóð fyrir verslun og þjónustu í lóð fyrir verslun og íbúðir. Kirkjubraut 25 þar sem breytingin felst í að breyta verslunar- og íbúðarlóð í opið svæði.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint deiliskipulag Akratorgsreits, Akranesi, tekur þegar gildi.

2. *Breyting á deiliskipulagi stofnanareits, Vogabraut 5 - Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi.*

Á fundi bæjarráðs Akraness, fyrir hönd bæjarstjórnar Akraness (sem var í sumarleyfi), sem haldinn var þann 12. júlí 2001 var m.a. samþykkt breyting á deiliskipulagi stofnanareits, Vogabraut 5 – Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi.

Svæðið afmarkast af núverandi skólabyggingu sem fyllir út í byggingarreitinn og er sótt um að byggja einnar hæða byggingu við skólann í hluta af porti sem er á milli núverandi bygginga sem eru tveggja hæða.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint deiliskipulag stofnanareits, Akranesi, tekur þegar gildi.

*Akranesi, 8. febrúar 2002.*

**Magnús Þórðarson**, bygginga- og skipulagsfulltrúi.